

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 25. ágúst kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 881. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Sólveig Sigurðardóttir, Ævar Harðarson, Britta M. Ágústsdóttir, Laufey Björg Sigurðardóttir, Þórður Már Sigfússon og Sigríður Lára Gunnarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Elliðaárdalur, göngu- og hjólastígur, (04.2)** Mál nr. SN220446
framkvæmdaleyfi Skjalnr. 5813
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 12. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð göngu- og hjólastígs í Elliðaárdal ásamt stíglýsingu. Einnig er lagt fram teikningasett VSO ráðgjafar dags. 1. júlí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
- 2. Elliðaárdalur við Dimmu, (fsp) hreinsun (04.2)** Mál nr. SN220510
ofanvatns fyrir hluta nýs Arnarnesvegar og Skjalnr. 5813
breikkun Breiðholtsbrautar
Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Vegagerðarinnar, dags. 16. ágúst 2022, um hreinsun ofanvatns fyrir hluta nýs Arnarnesvegar og breikkun Breiðholtsbrautar. Í tillögunni felst að nota blöndu af blágrænum ofanvatnslausnum (BGO) og hefðbundnum settjörnum. Einnig lagt fram minnisblað Verkís dags. 6. maí 2022 og bréf Vegagerðarinnar dags. 15. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- 3. Gufunesvegur 32, (fsp) fjölbýlishúss (02.220.301)** Mál nr. SN220366
Yrki arkitektar ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík Skjalnr. 14657
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Þorpsins 8 og Yrki arkitekta ehf., dags. 3. júní 2022, um byggingu fjölbýlishúss á lóð nr. 32 við Gufunesveg, samkvæmt uppd. Yrki arkitekta ehf. dags. 3. júní 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022 samþykkt, með þeim athugasemdum og leiðbeiningum sem fram koma.

4. **Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur,** (34.2) Mál nr. SN220195
breyting á deiliskipulagi vegna Kalksléttu 1 Skjalnr. 10184
og Koparsléttu 22
Íslenska gámafélagið ehf., Koparsléttu 22, 162
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Íslenska Gámafélagsins ehf. dags. 8. apríl 2022 ásamt bréfi ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafnið Koparsléttu 22 er lagt til að hún beri nafnið Kalksléttu 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 8. júní 2022 til og með 21. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Guðbergur Grétar Birkisson, Anna Grétarsdóttir, Sunna Líf Elvarsdóttir, Þengill Guðbergsson, Steinn Friðgeirsson og Sigríður Ingólfsdóttir dags. 21. júlí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
5. **Kjalarnes, Esjumelar, framkvæmdaleyfi** (34.2) Mál nr. SN220511
Skjalnr. 10184
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 var lögð fram umsókn Skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 16. ágúst 2022 um framkvæmdaleyfi vegna heildarframkvæmda við gerð gatna og jarðvegsskipti fyrir göngu- og hjólastíga og lagnir á Esjumelum á Kjalarnesi. Verkið felst í gerð nýrra gatna og fullnaðarfrágangi stofnlagna fráveitu, skólplagna, vatns í götustæði, stofnlagna hitaveitu, rafmagns og ljósleiðara í gangstéttarstæði, götulýsingar og heimæða aðliggjandi lóða. Einnig er lagður fram uppdr. VSÓ ráðgjafar dags. 16. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022 .
Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
6. **Kjalarnes, Prestshús, nýtt deiliskipulag** Mál nr. SN210265
Skjalnr. 10165
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Unnarstígur ehf., Pósthólf 70, 121 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Plúsarkitekta ehf. dags. 6. apríl 2021 um nýtt deiliskipulag fyrir Prestshús að Kjalarnesi. Í tillögunni sem lögð er til felst uppbygging Presthúsa til fastrar búsetu, samhliða því að byggja upp dvalar- og vinnuadstöðu fyrir listafólk og áhugafólk um listir og náttúru. Byggð verða upp innan jarðarinnar íbúðarhús, vinnustofur og gestahús ásamt fjölnota sal á svæðinu. Staðsettur verður aðkomuvegur, gönguleiðir byggingarreitur og settir skilmálar fyrir uppbyggingu innan fyrirhugaðs svæðis í samræmi við lög og reglur þar að lútandi, samkvæmt uppdr. Eflu dags. 4. apríl 2022. Tillagan var auglýst frá 6. júlí 2022 til og með 17. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Libra lögmenn f.h. Bjarna Pálssonar dags. 28. júlí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 10. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

7. **KR svæðið - Frostaskjól 2-6, nýtt** (01.516.9) Mál nr. SN210824
deiliskipulag Skjalnr. 8223
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Bj. Snæ slf., Naustavör 20, 200 Kópavogur
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 19. ágúst 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf að lagfæra og/eða skýra eftirfarandi atriði: Í skipulagslögum þarf að koma fram hver er heimiluð hámarkshæð ljósamastra sem staðsett verða í fjórum hornum íþróttavallar á miðju svæðinu. Senda þarf Skipulagsstofnun lagfærð og undirrituð gögn til vörslu.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
8. **Norðurgrafarvegur 2, Breyting á erindi** (34.535.101) Mál nr. BN061183
BN039142 Skjalnr. 10225
Fjölga geymslurýmum
Mjallur ehf., Kríuási 33, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN039142, þ.e. geymslurýmum fjölgað úr níu í fjórtán, einnig skipulagi lóðar og útliti húss á lóð nr. 2 við Norðurgrafarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022 samþykkt.
9. **Stefnisvogur 1 og 2 (reitir 1-2 og 1-6),** (01.451.3) Mál nr. SN220211
breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 14567
BBL 159 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lögð fram umsókn Hjalta Brynjólfssonar dags. 13. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæðis 1 vegna lóðanna nr. 1 og 2 við Stefnisvog (reitir 1-2 og 1-6). Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-2: Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar eykst (flyst til frá lóð 1-6) og lóð 1-2 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn B-rýmis eykst um 30 m². Heildarbyggingarmagn lóðar eykst. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lóð 1-6: Fjórir húshlutar í stað þriggja ofan á bílageymslu og bundin byggingarlína íbúðarhús ofan á bílgeymslu breytist samhliða. Byggingarreitur og skörð með dvalarsvæðum milli húshluta breytast/færast til. Íbúðum er fjölgað úr 51 íbúð í 60 íbúðir. Byggingarmagn bílgeymslu neðanjarðar minnkar (flyst til yfir á lóð 1-2) og lóð 1-6 leysir bílastæði innan eigin lóðar. Byggingarmagn neðanjarðar eykst. Heildarbyggingarmagn lóðar minnkar. Fjórar innkeyrslur í bílgeymslu í stað þriggja. Ofanvatnslausnir og svæði með gegndræpu yfirborði breytist í samræmi við breytingu á húshlutum, samkvæmt deiliskipulags- skýringaruppdr. Arkþing/Nordic ehf. ódags. Einnig eru lagt fram bréf hönnuðar dags. 7. júlí 2022 og skilmálar fyrir húsbyggingar og mannvirki á lóð dags. 26. janúar 2018, síðast br. 5. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

10. **Úlfarsfell II, (fsp) uppbygging einbýlishúss** (02.6) Mál nr. SN220499
Skjalnr. 8533
TBA Heimilislækningar ehf, Pósthólf 39, 202 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn TBA Heimilislækninga, dags. 10. ágúst 2022, um uppbyggingu einbýlishúss ásamt gróðurhúsi að Úlfarsfelli II í stað núverandi húss sem áætlað er að verði rífið ef leyfi fáið, samkvæmt uppd. Andrésar Narfa Andréssonar arkitekts dags. 24. maí 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Vetrargarður í Breiðholti, framkvæmdaleyfi** (04.9) Mál nr. SN220441
Skjalnr. 6372
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 8. júlí 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir Vetrargarðinn í Breiðholti sem felst í móttöku á jarðvegi og mótun skíðabrekkna og lands innan svæðisins. Einnig eru lagðar fram yfirlitsmyndir. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
12. **Vindás-Brekknaás, breyting á deiliskipulagi** (04.720.1) Mál nr. SN220516
Skjalnr. 5183
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Bjargs íbúðafélags, dags. 19. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Vindáss-Brekknaáss. Í breytingunni sem lögð er til felst að bæta við skilmála heimild um að svalir megi ná út fyrir byggingareit, 1,7m að hámarki, á lóðunum við Selásbraut 130 og 132 og Brekknaás 2, 4 og 8, samkvæmt tillögu Svövu Jóns, arkitektúr og ráðgjöf, dags. 19. ágúst 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
13. **Vesturgata 64, Fjölbýlishús - mhl.04 -** (01.130.113) Mál nr. BN061373
mhl.05 - mhl.06 Skjalnr. 9450
Hróður ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteypt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Hálsahverfi, hjólastígur** (04.32) Mál nr. SN220522
Skjalnr. 9773
Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 23. ágúst 2022, um göngu- og hjólastíga í Hálsahverfi. Einnig er lagt fram minnisblað VSÓ ráðgjafar, dags. 18. nóvember 2022, um hjólastíg við Krókháls/Dragháls og teikningasett VSÓ ráðgjafar, ódags., um göngu- og hjólastíga að Hálsabraut.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

15. **Lindargata 14, (fsp) hækkun húss** (01.151.5) Mál nr. SN220385
Skjalnr. 8280
Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
Fríng ehf., Öskjuhlíð, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 16. júní 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 14 við Lindargötu um eina hæð, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta dags. 23. maí 2017.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Suðurlíð 9, Klettaskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.780.4) Mál nr. SN220523
Skjalnr. 13105
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, að breytingu á deiliskipulagi Suðurlíða vegna lóðar nr. 9 við Suðurlíð, Klettaskóla. Í breytingunni sem lögð er fram felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir fjórar tímabundnar kennslustofur og byggingarmagn eykst sem því nemur, samkvæmt uppdr. OG arkitektastofunnar dags. 28. júlí 2022.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
17. **Einarsnes 36, (fsp) breyta atvinnuhúsnæði í íbúðir** (01.672.0) Mál nr. SN220400
Skjalnr. 6664
Hjördís Andrésdóttir, Einarsnes 36, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Hjördísar Andrésdóttur dags. 22. júní 2022 ásamt bréfi dags. 17. júní 2022 um að breyta atvinnuhúsnæði á lóð nr. 36 við Einarsnes í íbúðir. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022. Jafnframt var lögð fram ný fyrirspurn dags. 16. júlí 2022 og bréf dags. 16. júlí 2022 þar sem óskað var eftir útskýringum vegna neikvæðrar umsagnar skipulagsfulltrúa. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. ágúst 2022. Einnig lagt fram bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022 samþykkt.
18. **Hléskógar 1, (fsp) íbúðarhús á baklóð** (04.942.0) Mál nr. SN220312
Skjalnr. 5346
Rakel Marín Jónsdóttir, Ljósavík 58, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Rakelar Marínar Jónsdóttur dags. 20. maí 2022 ásamt greinargerð dags. 20. maí 2022 um uppbyggingu 40 m² aukaíbúð á baklóð lóðarinnar nr. 1 við Hléskóga. Einnig er lögð fram skissa af húsi. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
19. **Hverfisgata 105, (fsp) breyting á notkun** (01.154.4) Mál nr. SN220352
Skjalnr. 5139
Dara Ako Ali, Kóngsbakki 4, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Dara Ako Ali dags. 3. júní 2022 um breytingu á notkun hússins á lóð 105 við Hverfisgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt skissu á byggingarnefndarteikningu. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.

20. **Dyngjuvegur 18, Bráðabirgðahúsnæði - leikskóli** (01.384.305) Mál nr. BN061051
Skjalnr. 14651
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.
Leiðrétt bókun frá fundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022.
Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Dyngjuvegi 16, Langholtsvegi 70 og Laugarásvegi 58, 60, 62, 64, 66, 70 og 75.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
21. **Laufásvegur 21-23, (fsp) breytingar á húsi** (01.183.5) Mál nr. SN220200
Skjalnr. 9508
Laxamýri ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Laxmýris ehf. dags. 11. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 23. mars 2021 þar sem óskað er eftir samstarfi við skipulagsfulltrúa vegna breytinga á húsinu á lóð nr. 21-23 við Laufásveg, en fyrirhugað er að breyta notkun hússins úr skrifstofum í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022 samþykkt.
22. **Laugalækur 2-6, (fsp) stækkun húss** (01.347.0) Mál nr. SN220194
Skjalnr. 7658
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á fundi skipulagsfulltrúa 30. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 2-6 við Laugalæk, samkvæmt frumtillögu THG Arkitekta ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Borgarsögusafns Reykjavíkur og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dags. 10. ágúst 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022 samþykkt.
23. **Norðurbrún 2, (fsp) breyting á notkun rýmis** (01.352.5) Mál nr. SN220343
merkt merkt 201-7615 Skjalnr. 7586
Landssamband slökkvilið/sjúkrfl, Brautarholti 30, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Ingimarssonar f.h. Landssambands slökkvilið/sjúkrafl. dags. 1. júní 2022 ásamt bréfi dags. 1. júní 2022 um breytingu á notkun rýmis merkt 201-7615 í húsinu á lóð nr. 2 við Norðurbrún úr verslunar- og þjónusturými í skrifstofurými. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 samþykkt. Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.
Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.

24. **Rafstöðvarvegur 31, Svalaskýli** (04.257.202) Mál nr. BN061356
Skjalnr. 6132
Ellert Már Jónsson, Miðhús 32, 112 Reykjavík
Hjördís Hendriksdóttir, Rafstöðvarvegur 31, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka svalir og koma fyrir svalaskýli yfir svalir á annarri hæð, 01-0203, á austurhlið húss á lóð nr. 31 við Rafstöðvarveg.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
25. **Sogavegur 222, Bílskúr** (01.837.004) Mál nr. BN061342
Skjalnr. 11914
Guðmundur Pálmason, Sogavegur 222, 108 Reykjavík
Jenný Árnadóttir, Sogavegur 222, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á tveimur hæðum, bílgeymsla á aðkomuhæð og geymsla í kjallara við hús á lóð nr. 222 við Sogaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Vesturgata 61, breyting á deiliskipulagi** (01.133.1) Mál nr. SN220428
Skjalnr. 6821
Gísli Bergsveinn Ívarsson, Dyngjugata 1, 210 Garðabær
Paul Kristjan Guest, Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lögð fram umsókn Gísla B. Ívarssonar dags. 5. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir þ.e. Vesturgata 61 og Seljavegur 8. Á hvorri lóð er skilgreindur byggingarreitur og leyfilegt að byggja eitt íbúðarhús innan hvors reits, samkvæmt uppdr. Verkís dags. 29. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
27. **Kjalarnes, Horn, (fsp) skipting lands í tvö smábýli** (33) Mál nr. SN220491
Skjalnr. 14650
Hrönn Scheving Guðmundsdóttir, Horn, 162
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Hrannar Scheving Guðmundsdóttur, dags. 4. ágúst 2022, um að skipta landi Horns á Kjalarnesi (fasteignanr. 125864) í tvo hluta, samkvæmt meðfylgjandi mynd, ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
28. **Flókagata 19, (fsp) rekstur gististaðar í flokki II** (01.243.7) Mál nr. SN220483
Skjalnr. 6618
Guðbrandur Ágúst Þorkelsson, Barmahlíð 44, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Guðbrands Þorkelssonar dags. 28. júlí 2022 um rekstur gististaðar í flokki II í kjallara hússins á lóð nr. 19 við Flókagötu. Einnig er lögð fram ljósmynd. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.

29. **Hesthamrar 9, (fsp) aukaíbúðir** (02.297.4) Mál nr. SN220517
Skjalnr. 14442
Sæmundur Unnar Sæmundsson, Hesthamrar 9, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sæmundar Unnars Sæmundssonar, dags. 19. ágúst 2022, um að gera tvær aukaíbúðir í kjallara hússins á lóð nr. 9 við Hesthamra.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Hverfisgata 100, Niðurrif** (01.174.1) Mál nr. BN061354
Skjalnr. 13664
Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060440, niðurrif á útveggjum 2. hæðar ásamt plötu yfir 1. hæð núverandi húsa á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Langagerði 22, Nýir kvistir og svalir** (01.832.011) Mál nr. BN056643
Skjalnr. 14106
Guðrún Hauksdóttir, Langagerði 22, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir þegar byggðumkvisti á suðurþekju fjöleignarhúss á lóð nr. 22 við Langagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2022 samþykkt.
32. **Laufásvegur 10, Svalir - 0402** (11.834.01) Mál nr. BN061229
Skjalnr. 11196
Stefanía Hrönn Guðrúnardóttir, Digranesvegur 68, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera svalir á íbúð 0402 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 10 við Laufásveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022 samþykkt.
33. **Spítalastígur 1, Svalir** (11.802.17) Mál nr. BN061114
Skjalnr. 5203
Koddar ehf., Lágmúla 5, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja fjórar svalir og svaladyr á norðurhlíð húss á lóð nr. 1 við Spítalastíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. ágúst 2022 samþykkt.
34. **Tangarhöfði 2, (fsp) gististaðir á efstu hæð hússins** (04.063.501) Mál nr. SN220350
Skjalnr. 14656
Kvótasalan ehf., Vesturvangi 44, 220 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Kvótasölunnar ehf. dags. 1. júní 2022 um rekstur gististaðar á efstu hæð hússins á lóð nr. 2 við Tangarhöfða. Einnig lagðir fram uppdr. Kristins Ragnarssonar dags. 15. mars 2003. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022.

35. **Tómasarhagi 27, (fsp) hækkun þaks, kvistir** (01.554.0) Mál nr. SN220496
og þakgluggi Skjalnr. 8216
 Ágúst Hafsteinsson, Eyrarvegur 4, 600 Akureyri
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 var lögð fram fyrirspurn Ágústs Hafsteinssonar, dags. 9. ágúst 2022, um að hækka þak hússins á lóð nr. 27 við Tómasarhaga og koma fyrir tveimur nýjum þakkvistum, auk þakglugga. Einnig lagt fram forsaga málsins ásamt fylgiskjöllum. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2022 samþykkt.
36. **Þorragata 1, (fsp) stækkun húss** (01.635.7) Mál nr. SN220509
 Skjalnr. 6210
 Sælutröð, dagvistunarfélag, Þorragötu 1, 101 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Sælutraðar, dagvistunarfélags, dags. 14. ágúst 2022, um stækkun hússins/leikskólans Sælukots á lóð nr. 1 við Þorragötu, samkvæmt uppd. K.J. ark. slf dags. 14. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Láland 16, breyting á deiliskipulagi** (01.874.2) Mál nr. SN220187
 Skjalnr. 10709
 Kurt og Pí ehf., Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
 Guðmundur Auðunn Auðunsson, Láland 16, 108 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kurt og Pí ehf. dags. 30. mars 2022 um breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðarinnar nr. 16 við Láland. Í breytingunni sem lögð er fram felst stækkun á byggingarreit til austurs, samkvæmt uppd. Kurt og Pí ehf. dags. 16. mars 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki meðlóðarhafa dags. 15. júní 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 15. ágúst 2022. Engar athugasemdir bárust. Einnig eru lagðar fram ábendingar Veitna dags. 2. ágúst 2022. Erindinu var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. ágúst 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
38. **Mosgerði 5, Áður gerð stækkun kjallara með** (01.815.509) Mál nr. BN061376
að taka í notkun útgrafið rými. Skjalnr. 12782
 Magnús Gunnarsson, Kleppsvegur 12, 105 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að taka í notkun áður gerða stækkun sem er að tekið er að hluta af útgröfnu rými í kjallara í húsi á lóð nr. 5 við Mosgerði.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Vesturgata 33, Bíslag yfir inngangi og svalir** (01.135.1) Mál nr. BN061174
ofan á bíslagið og áður gerðar breytingar Skjalnr. 6260
 Örvar Geir Örvarsson, Vesturgata 33, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu úr timbri framan við inngang og gera svalir ofan á hana, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á húsi á lóð nr. 33 við Vesturgötu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

40. **Seljavegur 1, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN210692
Skjalnr. 13910
Maison ehf., Síðumúla 35, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Maison ehf. dags. 6. október 2021 um breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 1 við Seljaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að byggja tveggja hæða hús með þremur smálbúðum og útisvæðum á þaki ásamt því að setja tvö yfirbyggð bílastæði á norðurhluta lóðar við Nýlendugötu. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar og byggingarmagn eykst, samkvæmt deiliskipulaguppdr. Studio Granda dags. 20. ágúst 2021, breytt 21. júní 2022. Einnig eru lagðir fram skuggavarpuppdr. dags. 20. ágúst 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2022 til og með 22. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Hildur Eir Jónsdóttir, Jakob Andersen, Ásthildur Kristjánsdóttir, Guðrún Olsen, Gaukur Úlfarsson, Magnús Benediktsson og Unnur Hjaltadóttir dags. 14. ágúst 2022. Einnig er lögð fram ábending Veitna dags. 4. ágúst 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
41. **Hraunbær 143, breyting á deiliskipulagi** (04.341.2) Mál nr. SN220450
Skjalnr. 14316
a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Húsvirki ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn a2f arkitekta ehf. dags. 16. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarhálsar vegna lóðarinnar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreint er svæði fyrir "létt" sorpgerði á lóð (ekki lokuðum manngerðum skýlum) auk textabreytingar í skilmálatexta, samkvæmt uppdr. a2f arkitekta ehf. dags. 13. júlí 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021.
42. **Undraland 1, breyting á deiliskipulagi** (01.88) Mál nr. SN220521
Skjalnr. 14694
Sjálfsseignarstofnun Kvennaathva, Hverfisgötu 12, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Sjálfsseignarstofnunar Kvennaathvarfsins dags. 22. ágúst 2022, um breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfi, svæði 4 vegna lóðarinnar nr. 1 við Undraland. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að reisa byggingu á lóðinni á tveimur hæðum, samkvæmt uppdr. Hornsteina - Arkitekta ehf. dags. 8. ágúst 2022.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.
Komi til auglýsingar á breytingu deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:30.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir